

Verkefni: Stjórnarfundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 26. september 2012.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 – 19:10
Fundarstaður: Slippbarnum, Reykjavík

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	formaður	Mætt
Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	varaformaður	Skype
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	gjaldkeri	Mætt
Dagný Þrastardóttir (DÞ)	meðstjórnandi	Skype
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

1. Stjórn næsta árs.

SH ætlar að hætta í stjórn og þarf að senda út póst til kóranna um að senda inn tilnefningar í stjórn Gígunnar.

2. Nýir aðildarkórar.

Tveir kórar hafa sótt um aðild að Gígjunni. Þeir eru Kvennakórinn Fjalladísir í Reykjavík og Kvennakórinn Sóldís í Skagafirði. Umsóknir beggja kóranna voru samþykktar af stjórnarmönnum og þeir boðnir velkomnir inn í Gígjuna.

3. Aðildargjöld.

RH ætlar að ítreka þær skuldir sem enn eru útistandandi vegna aðildargjalda ársins. Á næsta ári þyrfti að senda innheimtubréf til kóranna bæði í tölvupósti og pósti.

4. Styrkjaumsóknir / tónverkasjóður.

Fram kom að umsóknarfrestur um styrki frá Hlaðvarpanum er til 17. október og úr Tónlistarsjóði Mennta- og menningamálaráðuneytisins er til 1. nóvember. Stjórnin þarf að semja við tónskáld um lag til að flytja fyrir kvennakóra, þar sem sækja þarf um vegna sérstakra verkefna í þessa sjóði. Einnig er spurning um að sækja um styrki fyrir Tónverkasjóð Gígunnar hjá bönkum og fyrirtækjum til að efla sjóðinn. Gengið hefur á sjóðinn og lítið komið inn til eflingar sjóðnum. Rætt var um að leggja fyrir næsta aðalfund tillögu um að færa fé úr aðalsjóði Gígunnar yfir í tónverkasjóðinn. Skoða þarf hversu mikið væri hægt að færa yfir.

5. Lógó Gígunnar

Hönnun á lógó Gígunnar er lokið og verið er að vinna að uppsetningu á heimasíðu. Það þarf að panta fána með nýja lógóinu, sem yrði geymdur hjá formanni Gígunnar.

6. Sameiginlegir tónleikar í Hörpu

AL ætlar að tala við Margréti Pálmadóttir um sameiginlega tónleika hjá öllum kvennakórnum í Hörpu. Best er að hafa kórstjórana með í ráðum í sambandi við sameiginlega tónleika.

7. Aðalfundur.

SH ætlar að senda út aðalfundarboð á kórana og mun AG einnig senda aðalfundarboð í tölvupósti á formenn kóranna. RH ætlar að senda póst á endurskoðendur Gígjunnar og athuga hvort þær séu tilbúnar að vera áfram sem endurskoðendur. Einnig ætlar AG að senda út póst til formanna um tilnefningar um kórkonur til að heiðra þetta árið á aðalfundinum. Það þarf einnig að koma fram í póstinum ósk um tillögur að erindum á aðalfundinum. Sú hugmynd kom upp á fundinum að fá einhverjar úr þeim kórum sem fóru erlendis til að halda erindi þ.e. ferðasögu. AL ætlar að kaupa styttu (Hörpu eftir Ásmund) fyrir heiðursútnefningu.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 19:10.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir